

**Samgöngu – og sveitarstjórnarráðuneytið**  
**Sölvhólsgötu 7**  
**101 Reykjavík**

Reykjavík 8. október 2020

### **Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019**

Skatturinn hefur farið yfir drög Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að frumvarpi til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019 og óskar góðfúslega eftir viðbótarbreytingum við frumvarpsdrögin.

Skatturinn óskar eftir breytingu á skilgreiningu annarra lítilla vélknúinna ökutækja í c-lið 30. tl. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 en töluliðurinn ber yfirskriftina reiðhjól. Í c-lið 30. tl. 3. gr. umferðarlaga segir: „*annað lítið vélknúið ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.*“

Af lestri c-liðar 30. tl. 3. gr. laganna má sjá að rafknúin hlaupahjól sem hönnuð eru þannig að þau komist ekki hraðar en á 25 km. á klst. tilheyra flokki reiðhjóla. Þessar gerðir rafmagnshlaupahjóla þurfa CE-merkingu en hjólin eru óskráningarskyld hjá Samgöngustofu. Ólíkt rafknúnum reiðhjólum þá er ekkert hámarksafli mótors nefnt í umferðarlögum varðandi hlaupahjólin en slíkt þak myndi auðvelda embættinu að stöðva óheftan innflutning þessara tækja og setja þau í farveg hjá Samgöngustofu. Nokkuð mikið hefur verið um innflutning rafknúinna hlaupahjóla undanfarin misseri en töllyfirvöld hafa lítil úrræði til að stöðva innflutning slíkra tækja ef grunur leikur á að hámarkshraði tækjanna sé meiri en 25 km/klst. Er það vegna þess að með þeim fylgja yfirlýsingar þess efnis að tækin komist ekki hraðar en 25 km./klst. en auk þess virðast framleiðendur geta læst hraða tækjanna í 25 km./klst.

Skatturinn vekur athygli á því að í ljós hefur komið að hægt er að komast inn í vélbúnað fjölda rafmagnshlaupahjóla og breyta þar hámarkshraða hjólsins og hefur embættið upplýsingar um að þetta sé hægt að gera við fjölda þeirra hjóla sem flutt hafa verið inn hingað til lands. Hægt er á einfaldan hátt að afla sér upplýsinga um hvernig breyta eigi hámarkshraða hjólsins þar sem fjöldi kennslumyndbanda um slíkar aðgerðir er að finna á internetinu ásamt því að hægt er að ná í smáforrit í snjallsíma þar sem hægt að breyta hámarkshraðanum með því að tengjast hugbúnaði hjólsins. Af þessu má sjá að þrátt fyrir að rafknúið hlaupahjól sé stillt af framleiðanda þannig að það komist ekki hraðar en 25 km./klst. og því fylgir staðfesting þess efnis þá er hægt á frekar einfaldan hátt að breyta þeirri stillingu á mörgum hjólum þannig að hjólið fari umtalsvert hraðar. Þetta getur skapað bæði notanda og öðrum sem í vegi hans kunna að verða talsverða hættu auk þess sem óskýrleikinn um hraða tækjanna torveldar töllyfirvöldum að sinna vinnu sinni.

Að þessu virtu leggur Skatturinn til breytingar á ákvæði c-liðar 30. tl. 3. gr. umferðarlaga þess efnis að hámarksafli annarra lítilla vélknúinna ökutækja verði 0,25kW, í samræmi við skilgreiningu á rafknúnum reiðhjólum. Ákvæði c-liðar 30. tl. 3. gr. myndi við breytinguna orðast á eftirfarandi hátt:

annað lítið vélknúið ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjóls og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst., **þar sem samfellt hámarksafli er allt að 0,25 kW**. Undir þessa skilgreiningu fellur m.a. vélknúið hlaupahjól og tvíhjóla ökutæki á einum öxli. Slíkum farartækjum má ekki aka á akbraut.

*Virðingarfyllst,*  
f. h. Skattsins,

  
Hjalti Brynjar Arnason